

Nd.

304. Frumvarp til laga

um eftirlit með sveitarfélögum.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Finnur Jónsson.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið sveitarstjórn bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd, sveitarfélag merkir hrepp og kaupstað, sveitarsjóður hrepps- og bæjarsjóð, og sveitarmálefni merkir málefni hreppsfélags og bæjarfélags.

II. KAFLI

Um verksvið eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

2. gr.

Félagsmálaráðherra hefir yfirstjórn allra sveitarmálefna í landinu. Hann skipar eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna og setur honum erindisbréf. Ennfremur er ráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

Ráðherra ákveður laun eftirlitsmanns og þóknun til trúnaðarmanna, og greiðist hvorttveggja úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Úr sama sjóði greiðist og skrifstofukostnaður eftirlitsmanns og annar kostnaður við eftirlit með sveitarfélögum samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta málefni sýslu- og sveitarfélaga, þar á meðal allar skýrslur um framfærslumál, tillög til tryggingarmála, svo og annara þeirra skýrslna og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fái um málefni þeirra.

Sama ráðuneyti safnar upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga landsins, svo fyrir liggja á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag þeirra. Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna má fela að hafa söfnun skýrslna þessara á hendi.

4. gr.

Álits eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna skal leitað um öll málefni sveitarfélaga, sem undir félagsmálaráðuneytið falla og snerta fjárhags- og framfærslumál þeirra. Félagsmálaráðuneytið getur falið eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, en senda skal eftirlitsmaður ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig eru afgreidd.

Álits og tillagna eftirlitsmanns skal sérstaklega leitað um skiptingu og úthlutun á því fé, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

5. gr.

Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita sveitarstjórnnum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, varðandi fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og hver önnur mikilsverð sveitarmálefni, sem til hans er leitað með.

Hann skal og gera tillögur til ráðuneytisins um hvert það málefni, er sveitarfélag varðar og hann kemst að í starfi sínu, ef hann telur, að betur mætti fara á annan veg eða úr þurfi að bæta.

6. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna annast útreikninga á jöfnunarfé því, sem bæjum og hreppum er greitt samkv. l. nr. 69/1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Hann hefir umsjón með því, að jöfnunarfénu sé varið svo sem lög mæla fyrir, ráðherra ákveður, eða því ráðstafað samkvæmt fyrirmælum sveitarfélaganna.

7. gr.

Nú er sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart rikissjóði eða ríkisstofnunum, öðrum sveitarfélögum, sjúkrahúsum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem rikissjóður er í ábyrgð fyrir, og er þá rétt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

8. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal afla sér glöggs yfirlits um skuldir sveitarfélaganna og viðskipti þeirra við lánsstofnanir, rikissjóð eða opinbera sjóði og opinberar stofnanir, og skipti þeirra sin á milli, og reyna svo sem föng eru á að koma því til leiðar, að þau standi í skilum með skuldbindingar sínar, og halda þeim til skilsemi á þann hátt, er í hans valdi stendur.

Ef sveitarfélag vanrækir fjárhagsskuldbindingar sínar gagnvart opinberum sjóðum, lánsstofnunum eða öðrum þeim, er í 1. málsg. getur, og það lætur sér eigi segjast við gefnar áminningar eftirlitsmanns, er honum skylt að gera tillögur til ráðherra um, að ákvæðum IV. kafla þessara laga, um að setja megi sveitarfélag undir eftirlit, verði beitt gagnvart sveitarfélaginu.

III. KAFLI

Um fjárþröng sveitarfélaga.

9. gr.

Sveitarfélagi, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, ber að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins um aðstoð, ef ætla má, að ekki rætist úr í náinni framtíð, og skal þá veita því aðstoð samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

10. gr.

Beiðni um aðstoð skal hafa legið fyrir til umræðu í bæjarstjórn eða hreppsnefnd og skulu hafa farið fram um hana tvær umræður. Beiðni skal fram lögð í ályktunarformi, og hljóti hún meiri hluta greiddra atkvæða á tveim löglega boðuðum fundum, telst hún samþykkt. Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitssgerð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja ályktuninni.

Að samþykkt þeirri lokinni skal simleiðis eða bréflega tilkynna ráðuneytinu efni ályktunarinnar svo greinilega sem verða má.

11. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 10. gr., og skal þá eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna falið að rannsaka fjárreiður og hag sveitarfélagsins og gefa ráðuneytinu skýrslu um málið.

12. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal kynna sér nákvæmlega allan hag bæjar- eða hreppsfélagsins og athuga í samráði við sveitarstjórn, hvort fjárhags-

örðugleikum verði af létt með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvortveggja. Telji eftirlitsmaður það fært án þess að vanræktar séu skyldur sveitarfélagsins eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og síðan senda ráðherra tillögur sínar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum eftirlitsmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort sveitarfélaginu skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum.

13. gr.

Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum sveitarfélags með þeim hætti, sem í 12. gr. segir, og skal þá eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna sveitarfélagsins um greiðslu skulda með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxtalækkunar. Í þeim tilgangi getur eftirlitsmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra, þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal fyrir liggja glögg skýrsla um skuldir sveitarfélagsins og eignir, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, svo að sem gleggst megi sjá raunverulegan hag sveitarfélagsins.

Ef samkomulag næst milli aðila á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið.

14. gr.

Nú næst ekki samkomulag samkvæmt 13. gr., og skal eftirlitsmaður þá, telji hann það nauðsynlegt vegna fjárhagsafkomu sveitarfélagsins, enda verði ekki á annan veg úr bætt, láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á sveitarfélagið, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir honum með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir því, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er eftirlitsmanni heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests.

Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem sveitarstjórn hefir tilfært sem skuldir sveitarfélagsins, skal sannprófa, hvort framtal hennar er rétt.

15. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal eftirlitsmaður, svo fljótt sem því verður við komið, semja frumvarp til skuldaskila fyrir sveitarfélagið, ef hann telur, að það þurfi að fá eftirgjafir.

Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, sem samningunum er eigi ætlað að ná til, og getið trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlað er til, að samið sé um.

Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta sveitarfélaginu er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

16. gr.

Þegar eftir að samningsuppkast það er fullsamið, sem í 15. gr. getur, skal eftirlitsmaður, með ábyrgðarbréfi eða símskeyti, tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags tilkynnt efni samningsins. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu eftirlitsmanns.

17. gr.

Telji eftirlitsmaður, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán sveitarfélaga breytt hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir,

og enn fremur að eftirgjöf fái að meira eða minna leyti á veðtryggðum og óveðtryggðum skuldum sveitarfélags eða lánum, sem sérstök ábyrgð er fyrir, getur eftirlitsmaður gert það að skilyrði fyrir stuðningi samkvæmt lögum þessum, að þær breytingar fái á þeim lánum, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar til þess, að frambúðarlausn fái á skuldamálum sveitarfélagsins. Til breytinga á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjafa á þeim þarf þó ætíð samþykki hlutaðeigandi veðhafa eða skuldareiganda. Sama er um lán, sem tryggð eru með ábyrgð sýslunefndar, ríkissjóðs eða annara.

18. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 16. gr. getur, skal eftirlitsmaður leggja fram samningsfrumvarp, svo og efnahagsreikning sveitarfélagsins og áætlun um tekjur þess og gjöld, er eftirlitsmaður hefir samið og lögð hefir verið fyrir sveitarstjórn til álita. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag sveitarfélagsins, er eftirlitsmaður getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir eftirlitsmaður heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hann telur þær verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber eftirlitsmaður frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

19. gr.

Hljóti frumvarpið atkvæði svo margra skuldheimtumanna, að þeir hafi ráð yfir meira en helming fjárhæðar þeirra krafna, er samningum er ætlað að ná til, hefir eftirlitsmaður heimild til að lýsa því yfir, að afgreiðsla þess sé fyrst um sinn bindandi, einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði móti því eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá sveitarfélagið undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hvernar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur sveitarfélaginu fyrir greiðslu skuldarinnar.

20. gr.

Nú er samningur samþykktur á skuldheimtumannafundi, og skal hann þá, svo fljótt sem verða má, lagður fyrir ráðherra til staðfestingar. Hljóti samningurinn staðfestingu ráðherra, er hann bindandi fyrir alla, er hlut eiga að máli.

Eftirlitsmaður skal því næst sjá um, að gengið verði frá nýjum lánskjöllum og að breytingar, er gerðar hafa verið á veðlánnum og öðrum lánum sveitarfélaga, verði rétt færðar upp í nýju efnahagsyfirliti sveitarfélagsins, er hann semur og afhendir sveitarstjórn.

21. gr.

Samningur hagar ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut, nema slíkt hafi verið gert að skilyrði samkv. 17. gr.

22. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir, samanber þó ákvæði 17. gr.:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati, er fyrir liggur við samningsgerðina, framkvæmdu af dómkvöddum mönnum, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna að því leyti, sem við getur átt.

4. Skuldir tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé. Um þær gildir sama og þær, sem taldar eru undir 1. lið.

23. gr.

Frá því er sveitarfélag hefir sent beiðni þá, er getur í 10. gr., til ráðuneytisins og þangað til samkomulagsumleitunum er endanlega lokið má sveitarfélagið eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi.

Sveitarstjórn er og óheimilt að selja eignir sveitarfélagsins eða láta af hendi verðbréf þess eða lausafé meðan samningaumleitunir fara fram. Er eftirlitsmanni skylt að hafa trúnaðarmann sinn til eftirlits með sveitarstjórn, meðan samningar fara fram, geti hann eigi sjálfur komið því við.

24. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að verja megi úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga árlega, meðan þess er þörf, allt að 100 þúsund krónum til þess að greiða fyrir skuldaskilum illa stæðra sveitarfélaga. Getur ráðherra ákveðið, að nokkurn hluta þeirrar fjárhæðar, sem þarf, megi veita sem styrk til sveitarfélagsins, er eigi sé endurkræfur, en nokkurn hlutann sem lán, er sveitarfélaginu beri að greiða ásamt vöxtum á tilteknum tíma. Ráðherra getur ákveðið, að lánið sé vaxta- og afborgunarlaust tiltekinn tíma, ef hann telur það nauðsynlegt vegna fjárhags sveitarfélagsins.

25. gr.

Nú leitar sveitarfélag, sem rikissjóður hefir tekizt á hendur ábyrgð fyrir, aðstoðar samkvæmt lögum þessum, og er þá rikisstjórninni heimilt að ákveða:

1. Að vextir og afborganir, sem rikissjóður hefir lagt út vegna sveitarfélagsins, skuli gefið eftir að einhverju eða öllu leyti.
2. Að veita sveitarfélögum undanþágu frá greiðslum vaxta og afborgana annars-hvors eða hvorstveggja tiltekinn tíma, af lánum, sem rikissjóður er í ábyrgð fyrir.
3. Að taka að sér svo mikið af láni sveitarfélags, sem rikissjóður er í ábyrgð fyrir, sem nauðsyn krefur, til þess að sveitarfélagið komist á fjárhagslega tryggan grundvöll.
4. Að heimila stjórn kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga að veita eftirgjafir á lánum sveitarfélaga í þeim sjóði, ef þess er talin þörf, og taki þá rikissjóður að sér greiðslu þess hluta árstíllags sveitarfélagsins til kreppulánasjóðs, sem niður verður felldur.
5. Að heimila stjórn bjargráðasjóðs Íslands að gefa eftir vexti og afborganir lána um ákveðinn tíma, eða fella lán að fullu niður hjá þeim sjóði.
6. Að gefa eftir veðrétt, er rikissjóður hefir í eign eða eignum sveitarfélags. Eiga ákvæði 1.—3. liðar jafnt við um innlend sem erlend lán, er sveitarfélag hefir tekið og rikissjóður er í ábyrgð fyrir.

26. gr.

Nú er sýslusjóður í ábyrgðum fyrir lánum sveitarfélags, er aðstoðar leitar samkvæmt lögum þessum, og er sýslunefnd þá heimilt að gera ályktanir á sama hátt og segir í 25. gr., að því leyti er við getur átt, um skuldbindingar sínar gagnvart sveitarfélaginu.

Ennfremur er sýslunefnd heimilt að ákveða, frá ári til árs, að gefa megi eftir allt að $\frac{1}{4}$ af sýslusjóðsgjaldi sveitarfélags, sem aðstoðar hefir leitað.

27. gr.

Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá sveitarfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför.

28. gr.

Eignir sveitarfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta.

29. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til hvernar þeirrar stofnunar, sem rekin er á vegum sveitarfélags eða sveitarfélaga, annara en atvinnufyrirtækja, svo sem hafnarsjóða, sjúkrahúsa, vatnsveitna, rafstöðva, lækniþústaða o. s. frv. Rísi ágreiningur um, hvort fara skuli með mál þessara stofnana að því er lög þessi snertir, sveitarstjórn eða stjórnarnefnd þess fyrirtækis, sem aðstoðar er leitað fyrir, sker ráðherra úr. Aðstoðar má leita fyrir stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga, hvort heldur er eitt sér eða jafnframt því, að aðstoðar er leitað fyrir sveitarfélagið sjálft.

30. gr.

Sýslunefnd getur ákveðið, ef fjárhagur sýslufélagsins er mjög erfiður, að leita aðstoðar samkvæmt þessum kafla laganna, og fer þar um að öllu leyti eins og segir um sveitarstjórnir og sveitarfélög, og kemur þá alstaðar sýslunefnd fram í stað sveitarstjórnar, að því er við getur átt.

IV. KAFLI

Um að setja megi sveitarfélag undir eftirlit.

31. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit, ef það vanrækir fjárhagslegar skuldbindingar sínar, eða ef þess af öðrum sökum þykir þurfa vegna fjárhags sveitarfélagsins eða vegna hagsmuna þeirra, er kröfur eiga á hendur því.

32. gr.

Sá, er skuldakröfu á eða eignast á hendur sveitarfélagi, og sé krafan ekki fulltryggð með veði, getur krafizt þess, að sveitarfélagið sé sett undir eftirlit, ef fyrir hendi eru eftirfarandi ástæður:

- a. Bankar og aðrar viðurkenndar lánsstofnanir geta krafizt þess, að sveitarfélag sé tekið undir eftirlit, ef skuld sveitarfélags við lánsstofnunina hefir verið í vanskilum 6 mánuði eða lengur, enda hafi sveitarfélagið á þeim tíma verið krafizt um skuldina eða tilkynnt, að hún væri fallin í gjalddaga.
- b. Einstaklingar, félög, stofnanir, önnur sveitarfélög og aðrir, sem ekki geta talizt heyra undir a-lið þessarar greinar, geta krafizt þess, er þeir hafa fengið dóm eða úrskurð stjórnarvalda fyrir kröfu sinni á hendur sveitarfélaginu, ef krafan er ekki greidd eða um hana gerður nýr samningur fyrir aðfarardag, enda hafi dómi eða úrskurði ekki verið áfrýjað.

Ákvæði þessi taka einnig til skuldbindinga fyrirtækja og stofnana, er sveitarfélag eða sveitarfélög reka, eða rekin eru á vegum þeirra, annara en atvinnufyrirtækja, þó aðskilinn fjárhag hafi.

Kröfur um eftirlit skal bera fram við skiptaréttinn, sem fellir úrskurð um það, hvort skilyrði þau, er að framan greinir, eru fyrir hendi. Áður en úrskurður er upp kveðinn, skal rétturinn láta birta kröfuna fyrir oddvita bæjar- eða sveitarfélagsins með áritun um frest til andsvara. Ákveða skal minnst mánaðarfrest frá birtingu. Rétturinn leitar frekari umsagnar og upplýsinga, eftir því sem honum þykir þurfa.

Rétturinn skal senda ráðuneyti því, er í hlut á, útskrift af úrskurðinum.

33. gr.

Þegar úrskurður um það, að eftirlits verði krafizt, er orðinn bindandi, ákveður ráðherra, að eftirlit skuli hafið.

Ákvörðun um að hefja skuli eftirlit má þó fresta, ef ráðuneyti það, sem í hlut á, ákveður, að reynt skuli að leysa vandræði sveitarfélagsins samkvæmt reglum um

undanfarandi kafla, og innan tveggja mánaða frá því úrskurður réttarins er orðinn bindandi boðar kröfuhafa á fund samkv. 13. gr. laga þessara.

Krafa um eftirlit fellur niður, ef sveitarfélagið og kröfuhafar koma sér niður á samkomulag, eða ef sveitarfélagið fær samninga samkv. ákvæðum þessara laga og samkomulagið eða samningarnir hafa öðlzt staðfestingu ráðherra.

34. gr.

Nú hefir ráðherra ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit samkvæmt framansögðu, eða eftir fyrirmælum í 8. gr., og skal það tilkynnt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og telst eftirlit hafið frá þeim degi. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir eftirlitið á hendi.

Ráðherra getur skipað honum til aðstoðar tvo menn, ef hann telur þess þurfa, svo sem ef um er að ræða stórt bæjar- eða hreppsfélag, eða meiri háttar vandkvæði eru á að leysa fjárhagsmál sveitarfélagsins.

35. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir halda áfram að fara með mál sveitarfélags síns meðan það er undir eftirliti, með þeim takmörkunum, er leiðir af ákvæðum þessara laga.

36. gr.

Þegar búið er að setja sveitarfélag undir eftirlit, getur ráðherra ákveðið, að öll fjármál sveitarfélagsins skuli háð samþykki eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. Getur eftirlitsmaður þá, ef ekki næst samkomulag um meðferð fjármála sveitarfélagsins milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar, tekið í sínar hendur innheimtu allra tekna, og yfir í hans hendur færist þá rétturinn til að ávísar fé úr sveitarsjóði og skuldbinda sveitarfélagið á annan hátt fjárhagslega. Hann hefir og úrskurðarvald um það, hvernær og hvernig niðurlögn útsvara fer fram, og um notkun annara tekjustofna, er sveitarfélagið hefir.

37. gr.

Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit og fjárhagur þess hefir verið athugaður af eftirlitsmanni og athugasemdir hans gerðar sveitarstjórn kunnar, skal sveitarstjórn semja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið fyrir tiltekið tímabil, sem þó má eigi lengra vera en hálf tveimur árum. Skal eftirlitsmaður athuga nákvæmlega alla liði áætlunarinnar og ganga úr skugga um, að þeir séu í samræmi við reynslu síðustu ára.

38. gr.

Nú telur eftirlitsmaður, að tekjur sveitarfélags samkvæmt fjárhagsáætlun hrökkvi ekki til að standast útgjöldin, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að sveitarfélaginu skuli leyft að nota tekjustofn þann, er í 50. gr. getur, ef um kaupstað eða kaupstún er að ræða.

Ennfremur er ríkisstjórn heimilt að ákveða, að af sveitarfélaginu skuli létt þar tilteknum útgjöldum, og greiðast þeir þá úr ríkissjóði hinn tiltekna tíma, sem eigi má lengri vera en hálf tveimur árum síð. Skal svo miklum greiðslum af létt, að sýnt þyki, að tekjur muni nægja fyrir þeim útgjöldum, sem eftir eru.

39. gr.

Þegar er samþykki ráðherra og ríkisstjórnar liggur fyrir um, að þær ráðstafanir megi gera, er í 38. gr. segir, skal eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna semja nýja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið, byggða á þeim grundvelli, og þegar hann hefir lokið við að semja áætlunina, skal hún send ráðherra til staðfestingar.

Staðfestingu ráðherra þarf einnig á fjárhagsáætlun, saminni af sveitarstjórn samkvæmt 37. gr., þó eigi komi til hjálpar þeirrar, er í 38. gr. getur.

40. gr.

Nú hefir ráðherra staðfest fjárhagsáætlunina, og er hún þá bindandi fyrir sveitarstjórn og eftirlitsmann, og má ekki greiða úr sveitarsjóði meira undir neinum lið áætlunarinnar en þar er ákveðið. Er reikningshaldari persónulega ábyrgur fyrir því, að þessa sé fyllilega gætt.

41. gr.

Reikningshaldi sveitarfélags, sem er undir eftirliti, skal svo fyrir komið, að ávallt megi sjá, hve mikið hefir verið greitt af hverjum lið áætlunarinnar.

Reikningshaldari sveitarfélagsins er skyldur til að gera sveitarstjórn aðvart um, ef hann telur, að svo langt sé komið útgjöldum á einhverjum áætlunarlið, að ætla megi, að hann þrjóti áður en reikningsárið er úti.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal reikningshaldari senda eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna eða trúnaðarmanni hans greinilega skýrslu um, hvað greitt hafi verið af hverjum lið áætlunarinnar og hvað inn hefir komið af tekjum.

42. gr.

Nú kemur það í ljós, að einhver liður fjárhagsáætlunarinnar muni of lágt áætl-
aður, eða óviðráðanleg atvik valda óeðlilegum útgjöldum, og skal þá sveitarstjórn
taka málið fyrir á fundi og gera ályktun um hækkun þess útgjaldaliðar og jafnframt
gera tillögur um, á hvern hátt tekna skuli aflað til að standast útgjöldin.

Tillögur þessar skulu bréflaga eða simleiðis þegar í stað sendar eftirlitsmanni.
Telji hann nauðsyn bera til þessara breytinga, leggur hann málið fyrir ráðherra, sem
staðfesta verður slíka viðauka-áætlun áður en hún öðlast gildi.

43. gr.

Nú er fjárhagsáætlun samin og ekki hefir verið notuð heimild 38. gr. og það
kemur í ljós, að tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum, og er ráðherra þá heimilt
að veita sveitarfélaginu leyfi til að afla sér viðbótartekna samkv. 50. gr. laga þessara,
ef um kaupstað eða kaupþún er að ræða, létta af því útgjöldum samkv. 38. gr., eða
með því að hækka að réttum hundraðshluta álögð útsvör í sveitarfélaginu. Eftir-
litsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir á hendi allt eftirlit með því, hvernig slík
heimild er notuð, svo og annar skattaálöguréttur sveitarfélagsins.

44. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag, sem er undir eftirliti, skuli tekið til
skuldaskila samkvæmt ákvæðum 14.—25. gr. þessara laga.

45. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna,
reglur um meðferð þeirra málefna sveitarfélags, sem er undir eftirliti, og ekki geta
fallið undir verksvið sveitarstjórnar, eða ekki fæst samkomulag um meðferð á milli
eftirlitsmanns og sveitarstjórnar. Skulu þær reglur gilda tiltekinn tíma og falla úr
gildi að honum loknum. Ráðherra má framlengja reglur þessar og breyta þeim
eins og hann telur þörf á, svo lengi sem sveitarfélagið er undir eftirliti. Þær falla
þó strax úr gildi, er sveitarfélagið losnar undan eftirliti, ef það verður fyrir þann
tíma, er reglurnar áttu annars að gilda.

46. gr.

Eftirlitsmaður getur, að þar til fengnu samþykki ráðherra og eftir að sveitar-
stjórn hefir gefizt kostur á að segja þar um álit sitt, selt fasteignir og aðrar eignir
sveitarfélags, sem er undir eftirliti, ef það þarf þeirra ekki með til starfsemi sinnar.
Honum er og heimilt að leigja eignir slíks sveitarfélags eða fela öðrum rekstur
þeirra, ef hann telur það muni hetur fara en í höndum sveitarstjórnar.

47. gr.

Sérhver starfsmaður sveitarfélags, sem er undir eftirliti, er skyldur til að fara eftir þeim fyrirmælum og ákvörðunum, sem eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna eða umboðsmaður hans gefur. Ráðherra getur skipað aðra menn til að fara með störf í þágu sveitarfélagsins, þar á meðal oddvita eða bæjarstjóra, ef hann telur, að ekki náist nægilegur árangur á annan hátt, eða starfsmaður vinnur gegn fyrirskipunum eftirlitsmanns, framkvæmir þær ekki, eða fer ekki eftir fyrirmælum laga þessara og settra reglna.

48. gr.

Ef stjórn sveitarfélags, sem er undir eftirliti, stofnar til skulda án samþykkis eftirlitsmanns á meðan sveitarfélagið er undir eftirliti, verða þær skuldir eigi krafðar að lögum af sveitarfélaginu.

49. gr.

Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, tekur eftirlitið jafnt til stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins sem sveitarfélagsins sjálfs. Þó getur ráðherra ákveðið, að eftirlitið taki ekki til þeirra, ef fjárhagur þeirra er svo góður, að enga nauðsyn ber til að láta eftirlitið taka til þeirra.

V. KAFLI.
Ýms ákvæði.

50. gr.

Kaupstað eða kaптúni, sem er undir eftirliti samkvæmt lögum þessum, eða fengið hefir skuldaskil samkvæmt ákvæðum II. kafla laga þessara og á við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, getur ráðherra veitt heimild til álagningar vörugjalds á vörur þær, sem fluttar eru frá og til kaupstaðarins eða kaптúnsins. Má gjald þetta eigi vera hærra en vörugjald í hafnarsjóð er á þeim stað, sem heimildina fær, ef slíkt gjald er þar, en ef slíkt gjald er þar eigi, skal eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna semja vörugjaldsskrá fyrir kaптúnið eða kaupstaðinn með hliðsjón af vörugjaldsskrám nærliggjandi staða. Leyfi samkvæmt þessari grein má eigi veita til lengri tíma í einu en tveggja ára. Framlengja má ráðherra leyfin um önnur 2 ár, ef nauðsyn krefur að dómi sveitarstjórnar og eftirlitsmanns.

51. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þar til fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, að í sveitarfélagi, sem er undir eftirliti, og í sveitarfélagi, sem fengið hefir skuldaskil samkvæmt lögum þessum, en á við erfiðan fjárhag að búa, skuli atvinnurekendur og aðrir þeir, er gjaldskylda menn til sveitarfélaga hafa í þjónustu sinni, skyldir til að halda eftir af kaupum þeirra eða aflahlut útsvörum þeirra, er hjá þeim vinna.

Vanræki atvinnurekendur þessa skyldu sína, eru þeir ábyrgir fyrir greiðslu útsvarshluta þess, er þeim ber að halda eftir.

52. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að hjá sveitarfélögum, sem svo er ástatt um, sem segir í 51. gr., skuli gjalddagar útsvara og annara tekna í sveitarsjóð vera svo margir, sem eftirlitsmaður telur heppilegt, þó eigi fleiri en 10 á ári, og að öll gjöld til sveitarfélagsins önnur en greiðsla fyrir rafmagn, gas, vatn og annað, er sveitarfélagið selur íbúum sínum, megi greiða með jöfnum afborgunum á hinum tilteknu gjalddögum. Með reglugerð, staðfestri af ráðherra, skal nánar ákveðið, hvernig beita skuli ákvæðum þessarar greinar og næstu greinar á undan.

53. gr.

Samþykki sýslunefndar þarf ekki til þeirra ráðstafana, sem taldar eru í 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, þegar um er að ræða hreppsfélag, er sett hefir verið undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, ef samþykki ráðherra er fengið fyrir þeim ráðstöfunum, er eftirlitsmaður telur nauðsynlegt að framkvæma.

54. gr.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna um framkvæmdir mála eða önnur atriði samkvæmt lögum þessum, sker ráðherra úr þeim ágreiningi, en gilda skulu fyrirmæli eftirlitsmanns þar til ráðherra hefir hrundið þeim.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 frá 19. júní 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga, III. kafli laga nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarfélaga, og lög nr. 30 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Svo eru og úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er samið af eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, Jónasi Guðmundssyni, að tilhlutun og í samráði við félagsmálaráðherra, og flutt fyrir til-mæli hans. Fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

Á undanförunum árum hefir það verið að koma æ betur í ljós, að það eftirlit, sem hið opinbera hefir með fjárhag og afkomu sveitarfélaganna, er ekki nægilegt. Alþingi hefir reynt að ráða nokkra bót á þessu á síðustu árum. Má þar til nefna, að 1933 voru sett lög um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og eru nokkur ákvæði þeirra laga tekin upp í þetta frumvarp.

Þá voru og, á Alþingi 1935, samþykkt lög um kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga, sem gerðu kleift að létta mjög skuldabyrði hreppsfélaganna, og loks voru 1937 sett lög um tekjur sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna. Þeim lögum var svo breytt nokkuð á fyrri hluta þings 1939.

Það eftirlit, sem að lögum er með fjármálastjórn hreppsfélaga, er hjá sýslunefndunum (sbr. sveitarstjórnarlög, aðallega 28. og 38. gr.), en eftirlit með fjárstjórn bæjarfélaganna er hjá ráðuneytinu.

Ekki verður annað sagt en að eftirlit þetta er mjög ófullkomið og heildarskýrslur um þessi mál mjög litlar til, nema hvað Hagstofa Íslands hefir á síðustu árum komið upp góðu yfirliti um fátækraframsluna í sambandi við styrk ríkisins til hennar. Meðan allt gengur vel og engin ytri eða innri áhrif verða þess valdandi, að mikil röskun eigi sér stað hjá sveitarfélögunum, getur þetta allt gengið vel, en þegar út af ber fyrir sveitarfélögunum, kemur í ljós, að þær reglur, sem til eru um það, hvernig að skuli farið, eru mjög ófullkomnar. Einu reglurnar, sem til eru, felast í lögnum frá 1933 um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og þau lög eru í sinni núverandi mynd allsendis ónóg, enda mun engu sveitarfélagi hafa verið hjálpað eftir fyrirmælum þeirra laga.

Lögin nr. 39 frá 1937, um eftirlit með fjárstjórn sveitarfélaga, eru einnig mjög ófullkomin. Að visu er ráðherra heimilað þar að skipa sérstakan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með sveitarfélögunum, og heimilað að vikja óhæfum oddvitum og bæjarstjórum frá störfum, en lengra ná þau svo ekki.

Öll fyrirmæli um það, hvernig hinum illa stæðu sveitarfélögum skuli hjálpað til þess að komast aftur á fjárhagslega tryggn grundvöll, vantar, og ekkert fé er

til þess ætlað í fjárlögum ríkisins að veita slíka hjálp, því jöfnunarféð, sem sveitarfélögunum er nú greitt úr ríkissjóði, skiptist milli þeirra eftir allt öðrum reglum en þeim, hvort þau eru í raun og veru fjárhagslega ósjálfbjarga.

Afleiðing þessarar vöntunar á nauðsynlegri löggjöf í þessu efni hefir orðið sú, að ríkissjóður hefir hvað eftir annað orðið að hlaupa undir baggann með sveitarfélögum, sem hafa verið að komast á vonarvöl, og er þar kunnasta dæmið Eskifjörður, sem um mörg ár hefir þurft sérstakan styrk úr ríkissjóði til þess fólk þar svelt ekki vegna getuleysis sveitarfélagsins.

Ástæðurnar fyrir hinum slæma fjárhag margra sveitarfélaga eru margar, og það yrði of langt mál að fara ýtarlega út í þær hér. Meginsökin er þó áreiðanlega atvinnubrestur um lengri eða skemmri tíma og það, að sveitarfélög, sem hafa reynt til þess að bæta úr atvinnuskortinum með ýmsum framkvæmdum, hafa við það komizt í skuldir, sem erfitt er að rísa undir.

Merkasta átakið, sem gert hefir verið til þess að bjarga fjárhag sveitarfélaganna, er áreiðanlega sú hjálp, sem þeim er veitt með löggjöfinni um kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga. Sú hjálp kemur flestum hreppsfélögum að fullu gagni, en bæjarfélögunum og stærstu kaптúnunum síður, vegna þess að ekki var heimild til að fella niður skuldakröfur hjá þeim.

Hefir því sótt í sama horfið aftur fyrir mörgum kaupstöðunum og kaптúnunum, og full nauðsyn að stöðvazt verði á þeirri leið áður en það er um seinan.

Í utanför sinni í sumar kynnti eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna sér, svo sem tók voru á, hvernig þessum málum er fyrir komið hjá frændþjóð vorri Norðmönnum, en þeir hafa, eins og kunnugt er, átt í miklum erfiðleikum með sveitarfélög sín.

Reynslu þeirra í þessum efnunum hefir eftirlitsmaðurinn notfært sér við samningu þessa frumvarps. Norðmenn settu hjá sér árið 1933 lög um skuldaferli bæjar- og sveitarfélaga, og fylgir með frumvarpi þessu þýðing á þeim lögum (fskj. I). Þau gengu úr gildi í júní 1938, en þá voru öll merkustu ákvæði þeirra tekin upp í sveitarstjórnarlögin norsku og gilda þannig áfram.

Frumvarp þetta er samið með okkar sérstöku þjóðfélagsaðstæður fyrir augum. Meginhugsun þess er sú, að reyna að tryggja, að nægilegt eftirlit eigi sér stað á hverjum tíma með sveitarfélögunum, og að þeim sveitarfélögum, sem af einhverjum ástæðum komast í þrot, sé unnt að hjálpa til þess að komast á réttan kjöl aftur.

Þessum þætti stjórnmalanna — sveitarstjórnarmálunum — hefir verið allt of litill sómi sýndur til þessa, og er þó þetta sá þáttur opinbers lífs, sem að þýðingu allri fyrir þjóðfélagsheildina gengur næst sjálfum landsmálunum og gripur svo stórkostlega inn í þau, að fullkomin ástæða er fyrir Alþingi að tryggja, að sá þáttur bresti ekki. Ef vel ætti að vera, ætti ekki að koma fyrir, að sveitarfélag væri í vanskilum með lán sín og skuldbindingar. Á þessu er þó hinn mesti misbrestur. Svo virðist sem á síðustu árum hafi sumstaðar skapazt sá hugsunarháttur, að sjálfsagt væri að heimta allt af sveitarfélögunum, hvort sem ráð er fyrir því gert í áætlunum sveitarfélaganna eða ekki, að þau láti sig þau mál einhverju skipta. Ef reynt er að verða við slíkum kröfum án þess jafnframt sé sérstaklega séð fyrir tekjum, leiðir það til þess, að halli verður á búskapnum og vanskil verða á mörgum sviðum.

Væri rétt, að athugað yrði hér á landi, hvort ekki væri rétt að taka upp þá reglu Norðmanna, að fjárhagsáætlanirnar séu algerlega bindandi fyrir sveitarstjórnirnar, þ. e. að ekki megi á neinum lið fjárhagsáætlunar eyða meiru en þar er fyrir mælt, nema það sé sérstaklega samþykkt í sveitarstjórn og þá jafnframt ákveðið, hvernig tekna skuli aflað til að standast hin auknu útgjöld.

Það á áreiðanlega sinn mikla þátt í hinum slæma fjárhag margra sveitarfélaga, hversu lítið sveitarstjórnirnar fara eftir fjárhagsáætlunum, og þyrfti að fylgjast miklu betur með því en gert hefir verið hingað til.

Þegar eftirliti var komið á í Noregi, voru margir hræddir um, að það yrði til þess, að sveitarstjórnir köstuðu áhyggjum sínum um of á eftirlitsstjórnirnar

og hættu að sinna málefnum sveitarfélaganna. En það gagnstæða hefir orðið niðurstaðan. Sveitarstjórnnum þykir minnkun að því að vera teknar undir opinbert eftirlit, þær langar ekkert til þess að sjá það auglýst í Lögbirtingablaðinu, að þær séu búnar að setja sveitarfélagið á höfuðið. Þær finna til þess, að þær eru þá ómyndugar að vissu leyti, og reyna að notfæra sér þá hjálp, sem til boða stendur, til þess að komast sem fyrst úr vandræðunum og verða myndugar að nýju.

Þegar litið er til þess, hve miklir fjármunir það eru, sem fara um hendur sveitarstjórna landsins, er það enn ein ástæðan til aukins eftirlits með þeim. Engar skýrslur eru til um það, hve miklar eru tekjur sveitarfélaganna í landinu, og sýnir það eitt bezt, hversu áfátt öllu eftirliti í þessum málum er.

Hve mikil útgjöld sveitarfélaganna eru og hvernig þau skiptast á hina einstöku útgjaldaliði, vita menn ekki heldur. Væri það þó vissulega mikilsvert, að þetta hvortveggja lægi fyrir. En þó ekki sé með vissu um þetta vitað, þá er það fé áreiðanlega milli 5 og 10 milljónir króna, sem árlega fer um hendur oddvita og bæjarstjóra landsins, og annara trúnaðarmanna sveitarfélaganna.

Geta allir af því séð, að það er mikilsvert fjárhagsatriði frá sjónarmiði þjóðarhieldarinnar, að fullkomið eftirlit eigi sér stað með fjárstjórn sveitarfélaganna.

Enn eitt er rétt að drepa á, sem mikla þýðingu hefir fyrir sveitarfélögin.

Flest sveitarfélög hafa meiri og minni fjárhagsskuldbindingar hér í Reykjavík, en þau eiga hér engan trúnaðarmann, sem þau geti falið það fyrir sig að sjá um, að þessum skuldbindingum sé í lagi haldið og tali máli þeirra fyrir nýmælum þeim, er þau hafa á þjónunum hverju sinni.

Má óhætt telja, að eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna mundi telja sér skylt að greiða fram úr vandræðum sveitarfélaganna á þessu sviði eins og hann gæti, og á þann hátt, sem samrýmzt gæti stöðu hans.

Frumvarp þetta er í 5 köflum, og skal nú vikið að þeim og hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Um I. kafla.

Kafli þessi er um skýringu á orðinu *sveit*, sem í lögnum er notað í ýmsum samböndum.

Um 1. gr.

Þess hefir ávallt verið að gæta meir og meir í löggjöf síðustu ára, að orðið *sveit* í ýmsum samsetningum er látið tákna hrepp eingöngu, og því myndast í löggjöfinni orðasambönd eins og „bæjar- og sveitarfélag“, „bæjar- og sveitarstjórn“, „bæjar- og sveitarsjóður“, o. s. frv.

Það er nauðsynlegt, að frá þessu verði horfið og merking orðsins „sveit“ og „sveitarfélag“ verði ákveðin og bundin við, að það sé sameiginlegt heiti bæjar- og hreppsfélaga. Í frumvarpi þessu er fylgt þeirri reglu að láta sveitarfélag merkja bæði hreppsfélag og bæjarfélag, eftir því sem við á.

Það virðist ekkert betra orð til í málinu, sem nær merkingunni í erlenda orðinu „kommune“ betur en orðið „sveit“, og er það því tekið hér upp og látið eiga við um hvorttveggja, hreppsfélögin og bæjarfélögin.

Um II. kafla.

Kafli þessi, sem er um verksvið eftirlitsmanns, svarar að nokkru til III. kafla í lögum nr. 69 frá 1937, með þeim breytingum, sem á honum voru gerðar á fyrri hluta yfirstandandi Alþingis. Kafllinn, eins og hann nú er, er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu (fskj. II).

Um 2. gr.

Greinin fjallar um skipun eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. Er réttara, að honum sé sett erindisbréf að starfa eftir, þar sem fram eru teknir allir megindrættir í starfi hans. Útilokar það ekki, að ráðuneytið feli eftirlitsmanni hvert það verk annað, er sveitarfélaginu við kemur og heppilegt er, að hann hafi afskipti af.

Ákvæðinu um trúnaðarmenn er haldið, því nauðsynlegt getur verið að geta um stundarsakir falið trúnaðarmanni að koma fram fyrir hönd eftirlitsmannsins, ef erfitt er um ferðir, eða eftirlit þarf lengi að standa yfir, rannsókn fram að fara eða annað því um líkt.

Þá er og gert ráð fyrir, að allur kostnaður við störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna greiðist úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, og er það sanngjarn, að sveitarfélögin sjálf borgi þannig hið nauðsynlega eftirlit og þau þægindi og þá hjálp, sem þeim kann að því að verða.

Um 3. gr.

Á skýrslum þeim, sem um ræðir í fyrri málsgrein þessarar greinar, byggist útreikningurinn á tillagi jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna. Er söfnun þeirra nú hjá ráðuneytinu, en gert er ráð fyrir, að eftirlitsmanni megi fela söfnunina, til þess söfnun þeirra gangi fljótara en hingað til hefir verið.

Um skýrslur þær, er í annari málsgre. getur, er það að segja, að litlum skýrslum er um þetta safnað. Reikningar sveitarfélaganna koma að visu til hagstofunnar, en þeir koma oft mjög seint og erfitt úr þeim að vinna nema það sé gert jafnóðum, enda þá mest gagn að upplýsingum þeim, sem þar fást.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein þarfnast ekki skýringar, en um síðari málsgreinina er rétt að taka það fram, að nú er hliðstæð grein í lögum (lög nr. 69 frá 1937, 21. gr.) og ætla má, að eftirlitsmanni sé það kunnara en öðrum, hvar mest nauðsyn er til atvinnubóta og á hvern veg helst ætti að verja því fé í hverju sveitarfélagi.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Nú er svo fyrir mælt í 11. gr. laga nr. 69 frá 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárfstjórn bæjar- og sveitarstjórna, að því fé, sem greitt er til jöfnunarsjóðs, skuli skipt milli sveitarfélaganna eftir ákveðnum allflóknum reglum.

Er sjálfsagt, að sá útreikningur sé framkvæmdur af eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, enda hefir hann annast hann nú í ár. Honum er og kunnugt um, hvar van-skil sveitarfélaganna eru mest og brýnasta nauðsyn ber til, að greitt verði fram úr fyrir þeim.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Fyrri málsgreinin miðar að því að tryggja, að eftirlitsmaður kynni sér sem bezt allar fjárhagsskuldbindingar sveitarfélaganna og fylgist með því, hvernig þau standa í skilum.

Síðari málsgreinin leggur honum þá skyldu á herðar, ef um mikla vanrækslu er að ræða hjá sveitarfélagi, að hlutast til um, að það verði tekið undir opinbert eftirlit. Er það nauðsynlegt gagnvart þeim sveitarstjórnnum, sem láta allt reka á reiðanum og hyggja ekki að sér fyrr en um of seinan.

Um III. kafla.

Kafla þessi fjallar um það, hvernig að skuli farið, ef sveitarfélag lendir í fjárþröng án þess nauðsynlegt sé talið, að það verði tekið undir opinbert eftirlit. Eru upp í þennan kafla tekin mörg ákvæði laganna frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og mörg ákvæði úr kreppulánasjóðslögunum, sem beitt var, er sveitarfélögin voru gerð upp í kreppulánasjóði bæjar- og sveitarfélaga.

Um 9. gr.

Grein þessi svarar til 1. gr. í lögnum um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga frá 1933. Samkvæmt þeim lögum er sveitarfélagi þó aðeins heimilt að snúa sér til ríkisstjórnarinnar, en eftir þessari grein er því skylt að leita aðstoðar, ef sýnt er, að um langvarandi vandræði er að ræða í fjármálum þess.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að sérstök ályktun skuli samþykkt um það, er sveitarfélag leitar opinberrar aðstoðar, og að tvær umræður fari fram um það í bæjarstjórn. Sé rétt, að slíkt skref sé stigið að vel athuguðu máli og að ekki sé unnt á illa mættum fundi í einu veffangi að afgreiða slíka samþykkt. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Grein þessi er að kalla samhljóða 5. gr. í lögnum frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga. Hún virðist ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa, nema hvað rétt er að benda á, að á fundi þeim, sem þar er talað um, er ekki um aðra lausn að ræða en frjálst samkomulag milli allra, sem kröfur eiga á sveitarfélagið, og sveitarstjórnarinnar eða eftirlitsmannsins. Virðist rétt að halda þessu stigi í lögnum, þó það muni að líkindum sjaldan duga til fullrar lausnar.

Greinin er að meginefni samhljóða 6. gr. í lögnum frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga.

Um 14. gr.

Með grein þessari og þeim, sem næst koma, er gert ráð fyrir, að stofnað sé til einkonar nauðasamninga fyrir sveitarfélag, sem í fjárþröng er.

Að efni til svarar grein þessi til 8. gr. í lögum nr. 78 frá 19. júní 1933, um kreppulánasjóð, en svo breytt sem við á, þegar um sveitarfélag er að ræða. Voru 8.—18. grein kreppulánasjóðslaganna notaðar við uppgjör sveitarfélaganna í kreppulánasjóði 1936 og 1937.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Hún svarar að efni til til 9. og 10. gr. kreppulánasjóðslaganna frá 1933.

Um 16. gr.

Greinin svarar til 11. gr. laga nr. 28 frá 1933 og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í þessari grein er eftirlitsmanni heimilað að gera það að skilyrði fyrir því, að sveitarfélag fái stuðning samkvæmt lögnum, að eigendur veðtryggðra skulda breyti þeim, ef hann telur þess þörf. Er hér um að ræða þann hluta skulda, eða þær skuldir, sem eru að fullu tryggðar, því samkvæmt síðari greinum fer um vantryggða skuld, að því sem umfram er veðið, eins og ótryggða skuld.

Er nauðsynlegt, að heimild sé til þessa, því skuldamál sveitarfélaga geta oft verið þannig vaxin, að það sé beinlínis nauðsynlegt vegna framtíðar sveitarfélags, sem illa er statt, að fá lánskjörum veðtryggðra lána breytt. Eigendur slíkra lána eiga og nokkuð undir því, að hagur sveitarfélagsins verði bættur, og því rétt, að það komi fram, ef þeir vilja standa á móti skynsamlegum breytingum lána, þó fulltryggð verði að teljast á þeim tíma, sem umleitanir fara fram. Hliðstæð grein þessari var í lögum um kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir því í 20. gr., að samningur um skuldaeftirgjafir öðlist ekki gildi fyrr en ráðherra hefir staðfest hann, er hér tekið fram, að yfirlýsing eftirlitsmanns um, að samningurinn sé bindandi fyrst um sinn, eigi við það tímabil, er líður frá því samþykkt fer fram á skuldaskilafundi og þar til ráðherra hefir staðfest samninginn. Er þetta nauðsynlegt til þess, að engar sérstakar aðgerðir af hálfu óánægðra skuldheimtumanna eigi sér stað á þessu tímabili. Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringa.

Vísast til skýringar við 19. gr. hvað fyrri málsgrein snertir. Síðari málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Vísast til skýringar við 19. gr. hvað fyrri málsgrein snertir. Síðari málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Hér er haldið því ákvæði, að ábyrgð, sem sett er fyrir skuld, haldist þó sveitarfélagið fái skuldina lækkaða eða eftirgefna. Haldast þannig t. d. ábyrgðir sýslu og ríkis fyrir láni sveitarfélags, þó sveitarfélagið gefist upp og geti ekki greitt skuld sína. Þó er heimilt samkvæmt 17. gr. að gera það að skilyrði fyrir aðstoð, að slíkar ábyrgðarkröfur verði felldar niður, og getur það oft verið nauðsynlegt, sérstaklega ef fátæk sýslufélög eiga í hlut. Annarstaðar í frumvarpi þessu (25. gr.) er gert ráð fyrir viðtækri heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að færa til réttis vegar skuldbindingar sveitarfélags, er ríkissjóður hefir tekizt á hendur ábyrgð fyrir.

Um 22. gr.

Í grein þessari eru taldar upp þær kröfur, er skuldaskilasamningur tekur ekki til, nema sérstaklega sé ráð fyrir því gert (17. gr.). Eru það þær skuldir, sem fullt veð er fyrir, og forgangskröfur samkvæmt skiptalögunum.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Ríkissjóður greiðir nú, samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937, 700000 kr. á ári til jöfnunarsjóðs. Er þessu fé skipt milli sveitarfélaga landsins eftir reglum þeim, sem í þeim lögum getur, og reglum VIII. kafla framfærslulaganna.

Síðustu árin hefir komið betur og betur í ljós, að mörg sveitarfélög þurfa beinlínis hjálpar til þess að geta komið fjármálum sínum á traustari grundvöll. Er því rétt, að í lögum sé heimild til þess að kaupa illa stæðum sveitarfélögum skuldaskil, eða veita þeim hagkvæm lán til þessa.

Sama máli gegnir um ýms læknishéruðin, sem reynt hafa að koma sér upp læknisbústöðum með smásjúkraskýlum, og hefir ríkissjóður a. m. k. í tveim slíkum tilfellum orðið að hlaupa undir baggann, og nú liggur fyrir beiðni um, að gengið verði að tekjum og eignum 5 hreppa á Austurlandi út af slíkum skuldbindingum. Oft er það, sem fáar þúsundir duga til þess að fá sæmilegar eftirgjafir og lánnum breytt í hagkvæmara horf. Er því rétt að leggja það á vald ráðherra, að verja megi nokkru fé á þennan hátt árlega, ef þess þarf.

Um 25. gr.

Ríkissjóður hefir hin síðustu ár tekizt á hendur mikið af ábyrgðum fyrir einstaka hreppa og kaupstaði.

Mest af þeim mun vera það vel tryggt, að ekki fellur á ríkissjóð. Hinsvegar

munu nokkur lán vera, sem rikissjóður hefir orðið að taka að sér að standa straum af, og eins má búast við því, að svo kunni að fara í framtíðinni með lán þeirra sveitarfélaga, sem í fjárþröng kynnu að komast síðar meir. Er því rétt, að ríkisstjórnin hafi heimild í lögum til þess að gefa eftir eða breyta þessum lán-um, og gæti það oft valdið úrslitum á skuldheimtumannafundi, ef ríkisstjórnin gæti komið þar fram sem aðili, en það er rétt, að hún geri það, þegar svo stendur á sem í grein þessari er ráðgert.

Hið sama er um bjargráðasjóð Íslands og kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Um 26. gr.

Á sama hátt og rikissjóður oft og einatt er í ábyrgðum fyrir hreppa og kaupstaði, eru sýslunefndir það einnig fyrir hreppa sýslunnar. Er því rétt, að sýslunefnd fái samskonar heimild til eftirgjafar og ríkisstjórnin, enda fullkomin nauðsyn oft á því, að ábyrgðarskuldir sýslunefndar fyrir hreppsfélag séu teknar með til fullnaðaruppgjörs um leið og hreppsfélagið fær sínar skuldir skrifaðar niður. Allt mælir með því, að sýslusjóður gefi eftir af sýslusjóðsgjaldi, ef hreppsfélag, sem illa er statt, þarf að fá hjálp annarstaðar frá.

Um 27. og 28. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa. Þær eru samhljóða 14. og 15. gr. í lögum nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt er, að ákvæði þessara laga taki einnig til þeirra stofnana og fyrirtækja, sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna, svo sem rafstöðva, sjúkrahúsa, hafnarmannvirkja o. s. frv. Ennfremur eru læknisbústaðirnir, sem oft eru sameign margra sveitarfélaga, illa stæðir fjárhagslega og líklegir til að verða hreppsfélögunum til byrði, ef ekki verður úr bætt.

Rétt virðist og þegar það á við, að stjórnarnefnd fyrirtækis komi fram fyrir þess hönd, en ef ágreiningur er þar um, skuli ráðherra skera úr því, hver fara skuli með mál fyrirtækisins eða stofnunarinnar, sveitarstjórn eða stjórnarnefnd fyrirtækisins.

Um 30. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að illa stætt sýslufélag geti sótt um skuldaskil samkvæmt lögum þessum, og komi þá sýslunefnd fram sem sveitarstjórn ella gerir. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Kafli þessi fjallar um það, að setja megi sveitarfélag undir eftirlit, ef það vanrækir fjárhagsskuldbindingar sínar.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Rétt þykir að hafa ákvæðin um, að krefjast megi þess, að sveitarfélag verði sett undir eftirlit, nokkuð strangari þegar um er að ræða einstaklinga, sem kröfur eiga á hendur þeim, heldur en þegar í hlut eiga opinberar lánsstofnanir. Þess vegna er gert ráð fyrir, að bankar og aðrar viðurkenndar lánsstofnanir geti krafizt slíks eftir að lán sveitarfélags hafa verið í vanskilum í 6 mánuði eða lengur án þess dómur gangi í málinu, en að einstaklingar og aðrir þeim hliðstæðir kröfuhafar þurfi dóm eða yfirvaldsúrskurð til þess að geta borið kröfuna fram.

Kröfuna skal bera fram við skiptaréttinn, sem fellir úrskurð um það, hvort skilyrði eru fyrir hendi um að krefjast þess, að sveitarfélag verði sett undir eftirlit.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34.—36. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 37.—40. gr.

Í greinum þessum, sem fjalla um, hvernig fjárhagsáætlun sveitarfélags, sem tekið er undir eftirlit, skuli samin, er að því stefnt, að létta megi af sveitarfélögum um tiltekinn tíma skuldbindingum, sem á þau hafa verið lagðar. Er þetta þó ekki heimilt til langs tíma og hugsunin sú, að sveitarfélagið verði látið hafa það, sem það getur undir staðið, og síðan bætt við það byrðunum, sem af var létt, þegar fram úr fer að rætast fyrir því.

Þá er og gert ráð fyrir, að kaптún og kaupstaðir fái leyfi til álagningar vörugjalds tiltekinn tíma, ef fjárhagurinn er brostinn. Verður varla í móti því mælt, þegar svo er komið.

Ráðherra þarf að staðfesta fjárhagsáætlanirnar, því þær verða að vera alveg bindandi fyrir sveitarstjórnina.

Um 41.—44. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa.

Um 45. gr.

Rétt er að gera ráð fyrir því, að ágreiningur geti orðið milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar, og er þá sjálfsagt, að ráðherra geti sett reglur, er aðilar þessir fari eftir. Fjallar greinin um setning slíkra reglna og hve lengi þær gildi.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Nú eru í lögum ákvæði tilsvarendi þeim, er í þessari grein felast, að vikja megi oddvita og bæjarstjóra frá starfi, ef nauðsyn krefur, og skipa aðra í þeirra stað.

Um 48. gr.

Hér eru tekin af öll tvímæli um, að sveitarstjórn sveitarfélags, sem undir eftirliti er, geti gert bindandi fjárhagssamninga, nema samþykki eftirlitsmanns komi til.

Um 49. gr.

Sjálfsagt virðist, að eftirlit með sveitarfélagi taki til allra stofnana og fyrirtækja sveitarfélags, nema svo sé ástatt, að stofnanir þessar eða fyrirtæki séu svo vel stæð, að ekki þurfi slíks eftirlits, enda þá algerlega aðskilinn fjárhagur þeirra frá sveitarsjóði.

Um V. kafla.

Kafla þessi hefir inni að halda ýmisleg og næsta sundurleit ákvæði, sem ekki eiga heima í fyrri köflum og eru því tekin hér saman að lokum.

Um 50. gr.

Ekkert er líklegra en að veita þurfi sveitarfélagi um stund auknar tekjur, ef það hefir farið i skuldaskil eða verið tekið undir eftirlit. Er hér gert ráð fyrir, að heimila megi kaптúni að koma á hjá sér vörugjaldi, er þó má eigi hærra vera en vörugjald það, sem fyrir er til hafnarsjóðs. Leyfið má veita til tveggja ára, og ef ástæða er til, framlengja það um önnur tvö ár, en þá fellur það alveg niður. Er þetta ein sú léttasta og að ýmsu leyti eðlilegasta fjárhagshjálp, sem hægt er að veita sveitarfélagi.

Um 51. gr.

Grein þessi skýrir sig sjálf, en rétt er, að þetta atriði sé tekið með í frumvarp sem þetta, þar sem slíkt ákvæði mundi verða til að gera alla innheimtu opinberra gjalda miklu léttari fyrir sveitarfélagið, og það fá tekjur sínar betur greiddar. Er það ekki nema sanngjarnt, að atvinnurekendur hjálpi til, að því leyti sem þeir geta, að koma fjárhag sveitarfélagsins aftur á réttan kjöl.

Um 52. gr.

Um grein þessa má nokkuð sama segja og 51. gr. Gjaldþögum má fjölga og deila öllu, er gjaldandi á að greiða samanlagt, niður á þessa gjaldþaga. Mun það mörgum betur henta en að láta innheimta hjá sér stóra fúlgu í einu.

Um 53. gr.

Rétt þykir að taka það fram, að ekki skuli þurfa að leita samþykkis sýslunefndar til þeirra ráðstafana, þó framkvæmdar yrðu, sem taldar eru í 28. gr. sveitarstjórnarlaganna. Verður að telja, að sú röskun, sem kemst á öll mál þess sveitarfélags, er undir skuldaskil eða eftirlit fer, hljóti að hafa í för með sér, að ýmislegt verði að gera í fjármálum sveitarfélagsins, sem ekki ynnist tími til að bera undir sýslunefnd. Hinsvegar er alstaðar í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að unnið sé í samkomulagi við sýslunefnd eða oddvita hennar, þegar um slíka meðferð sveitarfélags er að ræða.

Um 54.—56. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

L Ö G

frá 30. júní 1939 um skuldaferli bæjar- og sveitarfélaga m. m. í Noregi.

I. KAP.

Veðsetning eigna bæjar- eða sveitarfélaga, skuldheimta á hendur bæjar- eða sveitarfélögum m. m.

1. gr.

Bæjar- eða sveitarfélag getur ekki, svo að gilt sé að lögum, veðsett eignir sínar. Þó má til tryggingar andvirði eða láni, sem notað er til greiðslu á kaupverði, veðsetja fasteign, skip eða mannvirki, sem bæjar- eða sveitarfélag kaupir.

Sömuleiðis má veðsetja fasteign eða mannvirki til tryggingar láni, sem varið er til frekari nýtingar, stækkunar eða umbóta á fasteigninni eða mannvirkinu, eða til innkaupa á innstæðufjármunum handa fasteigninni eða mannvirkinu, til þess að leysa fyrri veðbönd af fasteigninni, eða til greiðslu á framlagi bæjar- eða sveitarfélagsins til hlutastofnfjár Hreppabanka Noregs, ef lánið er í þeim banka tekið. Sama gildir veðsetningu á skipi, ef auka skal útgerð eða aðra starfsemi.

Nú hefir bæjar- eða sveitarfélag komið að nauðasamningum um niðurfærslu skulda sinna eða býður skuldaeigendum frjálsa samninga, sem ráðuneyti það, er í hlut á, hefir samþykkt, þá má — ef samningarnir taka svo til — veðsetja eignir bæjar- eða sveitarfélagsins til tryggingar því, að samningunum verði fullnægt, eða til tryggingar láni, sem tekið er til að koma þeim í framkvæmd.

Nú eignast bæjar- eða sveitarfélag opinber skuldabréf eða önnur skuldabréf, sem það hefir gefið út sjálf, og er því þá heimilt að setja þau sem tryggingu fyrir greiðslu andvirðisins.

Svo að veðsetning eða tryggingargjöf samkvæmt þessari grein sé gild, þarf til samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis. Hafi ráðuneytið á hana fallið, verður hún ekki véfengd, svo sem riði hún í hág við ákvæði þessarar greinar.

2. gr.

Hvorki er hægt að gera fjárnám í eignum bæjar- eða sveitarfélags né leggja á þær löghald. Ekki nær þetta þó til þess, þegar gerð er aðför, eða annarar tryggingar-gerðar er leitað í munum til þess að fullnægja kröfum um andvirði þeirra eða kröfum um greiðslu fyrir vinnu eða vörur, ef krafan er tilkomin vegna stækkunar eða umbóta á munum þeim, sem leitað er tryggingar í, eða til frekari nýtingar þeirra.

3. gr.

Kröfur á hendur bæjar- eða sveitarfélagi má ekki færa til skuldajafnaðar við kröfur bæjar- eða sveitarfélagsins um skatta eða skyldur. Sama gildir um kröfur þess um borgun fyrir rafmagn, gas, vatn, göturæstingu eða aðrar svipaðar greiðslur, nema skuldarkrafan sé til komin fyrir framlag til rekstrar á þeirri bæjar- eða sveitarstofnun, er borgunin rennur til. Skuldajöfnuð má þó heimta, ef um er að ræða endurgreiðslukröfu fyrir ofgreidda skatta.

Banki getur ekki, nema öðruvísi sé um samið, fært kröfur sínar á hendur bæjar- eða sveitarfélagi til skuldajafnaðar við innieign bæjar- eða sveitarfélagsins í bankanum.

Kröfur bæjar- eða sveitarfélags um skatta eða skyldur má ekki framselja. Heimilt er þó að framselja amtinu útsvör, sem húið er að jafna niður, og öðlast það þá jafnvíðtækan lögtaksrétt til krafanna sem bæjar- eða sveitarfélagið átti sjálft.

Heimilt er bæjar- eða sveitarfélagi, ef ráðuneyti það, er í hlut á, samþykkir, að framselja gjöld með þeim hætti, er fyrsta málgrein hermir, ef stofnað er til kröfunnar til gjaldanna með samningi.

4. gr.

Bú bæjar- eða sveitarfélags verður ekki tekið til gjaldþrotameðferðar samkvæmt lögum frá 6. júní 1863 um gjaldþrot og meðferð þrotabúa og viðaukalögum við þau. Ekki verður heldur lögum frá 6. maí 1899 um opinbera nauðasamninga ásamt viðaukalögum við þau beitt við bæjar- eða sveitarfélög.

II. KAP.

Miðlun og umleitanir um nauðasamninga.

5. gr.

Bæjar- eða sveitarfélag, sem ekki er þess umkomið fjárhagslega að greiða skuldir, sem fallnar eru í gjalddaga, er skylt að tilkynna það ráðuneyti því, sem í hlut á. Svo er og, ef bæjar- eða sveitarfélag vill hefja samninga við skuldheimtumenn sína um greiðslu á skuldum, enda þótt bæjar- eða sveitarfélagið hafi ekki enn stöðvað greiðslur sínar.

6. gr.

Ráðuneyti það, sem í hlut á, úrskurðar, hvort hefja skuli miðlunartilraunir eða umleitanir um nauðasamninga samkvæmt reglum þeim, er greinir í þessum kaþítula, milli bæjar- eða sveitarfélags og skuldheimtumanna þess.

Ef komið verður á miðlunartilraunum, skal kalla oddvita bæjar- eða sveitarfélagsins og þá skuldareigendur, sem vitað er um, saman á miðlunarfund, sem stjórnað skal af manni, sem ráðuneytið tilnefnir.

Ráðuneytið ákveður, hvernig til fundarins skuli boðað.

7. gr.

Miðlunartilraunum má halda áfram á mörgum fundum. Sé þess krafizt af einhverjum skuldareiganda, sem beiðzt hefir þess, að sett verði eftirlit samkvæmt 17. gr., verður þeim að vera lokið innan 6 mánaða. Heimilt er þó ráðuneytinu að framlengja frest þennan frekar, um allt að þrem mánuðum.

Bóka skal það, sem á fundum gerist, og skal bókin undirrituð af þeim, sem fundunum stjórnar, og að minnsta kosti einum umboðsmanni bæjar- eða sveitarfélagsins og einum manni af hendi kröfuhafa.

Ráðuneytið getur skipað allt að 3 manna nefnd til þess að rannsaka fjárhagsástandur bæjar- eða sveitarfélagsins og gefa skýrslu um þær ásamt skrá yfir eignir bæjar- og sveitarfélagsins og verðmæti þeirra, sem og yfir skuldir þess.

8. gr.

Leiði miðlunartilraunirnar til samkomulags milli bæjar- eða sveitarfélagsins og kröfuhafa, verður ráðuneytið að staðfesta samkomulagið, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn að samþykkja það með einföldum meiri hluta.

Ráðuneytið, eða sá, sem það til nefnir, skal tilkynna það kröfuhöfum þeim, er samkomulagið nær til. Tilkynnt skal þeim og, ef tillögur til samkomulags hafa ekki öðlazt staðfestingu eða náð samþykki.

9. gr.

Nú koma ekki fram tillögur til samkomulags, eða þær öðlast ekki staðfestingu eða ná ekki samþykki, og getur þá bæjar- eða sveitarfélagið sent ráðuneytinu tillögur um nauðasamninga við kröfuhafa.

Ráðuneytið getur kveðið svo á, að tillögur til samkomulags, sem ekki hafa náð fram að ganga, skuli skoðaðar sem tillögur til nauðasamninga, svo fremi sem þær samsvara kröfum 10. gr.

Nú krefst einn kröfuhafa, sem beiðzt hefir eftir, að eftirlit verði sett samkvæmt 17. gr., að svo verði gert, og skal þá eftirlit sett, hafi ekki innan mánaðar frá því miðlunartilraununum lauk komið fram tillaga um nauðasamninga, sem ráðuneytið úrskurðar, að leggja skuli fyrir kröfuhafa. Ráðuneytið getur enn framlengt frestinn um 1 mánuð.

10. gr.

Tillaga um nauðasamninga nær ekki til krafna, sem tryggðar eru með veði, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir skuldinni, nema samþykki kröfuhafa komi til.

Tillaga um nauðasamninga nær ekki heldur til skuldbindinga, sem til eru komnar eftir að tillagan er fram borin, og ekki til þeirra krafna, er um getur í 30. gr. 1.—4. tölulið. Ráðuneytinu er heimilt að úrskurða, að nauðasamningatillaga skuli ekki ná til skuldbindinga, sem til eru komnar vegna lána, sem tekin eru beint hjá erlendum lánveitanda.

Að öðru leyti verður tillagan, eftir því sem föng eru á, að gera öllum kröfuhöfum jafnhátt undir höfði. Leggur ráðuneytið endanlegan úrskurð á, hvort svo hafi tekizt.

Ákvæðunum í 30. gr. laga frá 6. maí 1899 um nauðasamninga, 2., 3. og 4. málsgrein, svo og 34. gr. sömu laga, skal beitt með svipuðum hætti; þó verður 2. málsgrein 30. gr. (119. gr. gjaldþrotalaganna) því aðeins beitt, að skuldajöfnuður sé ekki útilokaður samkvæmt 3. gr. þessara laga. Þar með eru umleitanir um nauðasamninga taldar vera hafnar á þeim tíma, sem getur í 31. gr. 2. málsgr.

11. gr.

Ráðuneytið úrskurðar, hvort tillaga um nauðasamninga, sem fram er komin, skuli lögð fyrir kröfuhafa til atkvæðagreiðslu. Skal ráðuneytið þá hyggja að því, hvort nauðasamningarnir muni báðum hagfelldir, bæjar- eða sveitarfélaginu og kröfuhöfum, og hvort þeir muni ekki reynast ósanngjarnir í garð einstakra kröfuhafa.

Hafi verið skipuð nefnd, svo sem í 7. gr. hermir, skal hún segja álit sitt á nauðasamningatillögunni og hvort hún leggi til, að hún verði samþykkt.

Verði tillaga um nauðasamninga lögð fyrir kröfuhafa til atkvæðagreiðslu, skal það gert innan mánaðar frá því, að hún kom fram. Skal tillagan, að svo miklu leyti sem heimilisfang þeirra er kunnugt, send öllum kröfuhöfum, sem hún snertir. Ef tillagan um nauðasamninga snertir kröfur samkvæmt handhafaskuldabréfum, skal hún ásamt nauðsynlegum upplýsingum birt á þann hátt, sem ráðuneytið ákveður.

Frest þann, sem settur er í fyrirfarandi málsgrein, getur ráðuneytið lengt, ef þess eftir atvikum þykir þurfa, en þó ekki lengur en um 1 mánuð.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um nauðasamninga fer fram skriflega, og skulu atkvæðin á tilteknum fresti send ráðuneytinu, eða þeim, sem það setur til þess.

Handhafar handhafaskuldabréfa verða að tilgreina númer skuldabréfsins og láta fylgja yfirlýsingu frá opinberum stjórnarvöldum eða banka þess efnis, að eigandinn hafi sýnt skuldabréf þau, er um ræðir í yfirlýsingunni. Handhafi verður að lýsa yfir því, að hann sé eigandi skuldabréfanna, og hann muni ekki selja þau fyrr en atkvæðagreiðslufrestur sé út runninn.

Ekki taka aðrir þátt í atkvæðagreiðslunni en kröfuhafar, sem tillagan um nauðasamninga nær til.

Sé krafa tryggð með veði, en óvíst er, hvort veðið hrökkvi fyrir skuldinni, má samkvæmt kröfu bæjar- eða sveitarfélagsins eða kröfuhafa eða ráðuneytisins láta meta, hvað mikill hluti kröfunnar skuli teljast ótryggður og taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Matið fremja 3 matsmenn, og skal formaður þeirra uppfylla þau skilyrði, er útheimtað til að vera dómari. Ráðuneytið skipar matsmennina. Ekki verður krafizt yfirmats. Að öðru skal farið eftir matslögnum frá 1. júní 1917. Virðing skógar má þó fram fara með þeim hætti, er ráðuneytið ákveður.

Kröfur, sem bundnar eru skilorði, sem enn er ekki uppfyllt, taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Ráðuneytið úrskurðar, hvort umþrattaðar kröfur skuli taka þátt í henni.

13. gr.

Tillaga um nauðasamninga er samþykkt, ef atkvæðisbærir kröfuhafar, sem fara með að minnsta kosti $\frac{3}{4}$ af upphæð krafna slíkra kröfuhafa, hafa greitt henni atkvæði.

Kröfur samkvæmt handhafaskuldabréfum skulu aðeins taldar með, ef handhafi hefir greitt atkvæði um tillögunu um nauðasamninga.

Þegar atkvæði eru talin, skal leggja kröfuupphæðina (höfuðstólinn) til grundvallar, að viðbættum vöxtum þeim, sem fallnir eru í gjalddaga, þegar tillagan um nauðasamningana var fram borin.

14. gr.

Ráðuneyti það, er í hlut á, sker úr um það, hvort nauðasamningurinn skuli staðfestur.

Tilkynning um staðfestinguna skal birt með sama hætti og segir í 11. gr. 3. málsgrein.

Úrskurði ráðuneytisins um staðfestingu á nauðasamningum getur kröfuhafi, sem þeir ná til, innan tveggja vikna skotið til málaskotsnefndar hæstaréttar, sem getur breytt úrskurði ráðuneytisins, ef lögleg skilyrði fyrir staðfestingu voru ekki fyrir hendi. Formgallar eru ekki nægilegt tilefni til breytingar, ef ætla verður, að gallarnir hafi engin áhrif haft á samþykkt nauðasamninganna.

Nú öðlast nauðasamningar ekki staðfestingu, og skal þá skipa eftirlit innan mánaðar, hafi krafa um eftirlit samkvæmt 17. gr. verið fram borin áður en miðlun og umleitanir um nauðasamninga voru fyrirskipaðar, eða meðan á þeim stóð, ef ráðuneytinu hefir verið tilkynnt það.

15. gr.

Meðan á miðlun eða umleitunum um nauðasamninga stendur, eða meðan frjálsir samningar hafa enn ekki verið uppfylltir, skal ráðuneytið hafa eftirlit með stjórn bæjar- eða sveitarfélagsins og því, að ekki séu gerðar ráðstafanir, er gangi á rétt kröfuhafa.

III. KAP.

Eftirlit.

16. gr.

Konungur getur ákveðið, að bæjar- eða sveitarfélag skuli sett undir eftirlit, ef það vanheldur fjárhagslegar skuldbindingar sínar, eða ef þess af öðrum sökum þykir þurfa vegna fjárhags bæjar- eða sveitarfélagsins eða vegna hagsmuna kröfuhafa.

17. gr.

Eigi maður skuldakröfu á hendur bæjar- eða sveitarfélagi, og sé krafan ekki fulltryggð með veði, getur hann krafizt þess, að bæjar- eða sveitarfélagið sé sett undir eftirlit, ef

- a. kröfunni er ómótmælt, eða hún fullsönnuð og fallin í gjalddaga, og
- b. skuldin ekki er greidd innan 6 mánaða frá því að áskorun um að greiða var birt oddvita bæjar- eða sveitarfélags, og tilkynning um það hefir verið send ráðuneyti því, er í hlut á.

Kröfur um eftirlit skal bera fram við skiptaréttinn, sem sker úr því með úrskurði, hvort skilyrðin eru fyrir hendi. Áður en úrskurður er upp kveðinn, skal rétturinn láta birta kröfuna fyrir oddvita bæjar- eða sveitarfélagsins með áritun um frest til andsvara. Ákveða skal minnst mánaðarfrest frá birtingu. Rétturinn leitar frekari umsagnar og upplýsinga, eftir því sem honum þykir þurfa. Úrskurður er kveðinn upp, og fer um málaskot eftir reglunum í þrætumálalögum.

Rétturinn skal senda ráðuneyti því, er í hlut á, útskrift af úrskurðinum.

18. gr.

Þegar úrskurður um það, að eftirlits verði krafizt, er orðinn bindandi, ákveður konungur, að eftirlit skuli hafið.

Ákvörðun um, að hefja skuli eftirlit, má þó fresta, ef ráðuneyti það, sem í hlut á, stofnar til miðlunar og umleitana um nauðasamninga samkvæmt reglunum í undanfarandi kapitula, og innan tveggja mánaða frá því úrskurður réttarins er orðinn bindandi boðar kröfuhafa á miðlunarfund.

Frestun sú, er um gat, kemur þó ekki til greina, þegar krafa sú, er liggur til grundvallar fyrir beiðninni um eftirlit, byggist á uppfyllingu samnings, sem gerður er samkvæmt 8. gr., eða uppfyllingu nauðasamninga, staðfestra samkvæmt 14. og 32. gr.

Krafa um eftirlit fellur niður, ef bæjar- eða sveitarfélagið og kröfuhafar koma sér niður á samkomulag, eða ef bæjar- eða sveitarfélagið fær nauðasamninga, og samkomulagið eða nauðasamningarnir hafa öðlzt staðfestingu ráðuneytisins.

19. gr.

Nú hefir verið ákveðið að setja bæjar- eða sveitarfélag undir eftirlit, og hefir þá eftirlitsstjórn það á hendi. Konungur ákveður, hvað eftirlitsstjórn skuli vera mannmörg.

Sveitar- eða bæjarstjórn sú, er hlut á að máli, kýs einn mann í eftirlitsstjórnina. Hafi sveitar- eða bæjarstjórn ekki kosið á fresti, sem ráðuneytið hefir sett, má ráðuneytið tilnefna þennan mann.

Kröfuhöfum gefst kostur á að kjósa einn mann í eftirlitsstjórn. Kosning fer fram á fundi, sem ráðuneytið boðar til með mánaðar fresti. Þeim kröfuhöfum, sem

vitað er, hvar búa, skal sent bréfllegt fundarboð um leið og tilkynnt er, að eftirlit sé hafið. Sé ekki kunnugt um heimilisfang allra kröfuhafa, skal ennfremur birta fundarboðið á þann hátt, er ráðuneytið ákveður. Greiði kröfuhafi, sem hefir umboð fyrir minnst helming af skuldum bæjar- eða sveitarfélagsins, tilteknum manni atkvæði, er hann kosinn. Ekki nær þetta til krafna, sem tryggðar eru með veði eða öðrum forgangsrétti, eða bundnar skilorði, sem ekki er uppfyllt. Þegar talin eru atkvæði, skulu ekki heldur taldar kröfur samkvæmt handhafaskulda- bréfum, nema handhafi hafi sjálfur farið með atkvæðið. Til að geta greitt atkvæði verður kröfuhafi að koma sjálfur á kjörfund eða senda þangað umboðsmann með skriflegu umboði. Rísi deila um gildi kosningar, sker ráðuneytið úr. Hafi kosning ekki farið fram sem að ofan greinir, tilnefnir ráðuneytið eftirlitsstjórnarmann af hálfu kröfuhafa.

Konungur tilnefnir þann eða þá, sem þá eru ónefndir, og meðal þeirra formann.

Varamenn skulu kosnir eða tilnefndir fyrir hvern eftirlitsstjórnarmann eftir sömu reglum og aðalmenn eru kosnir.

20. gr.

Hinir konungkjörnu eftirlitsstjórnarmenn skulu kosnir til 3 ára í senn, en kjósa má þó nýja menn í þeirra stað áður en sá tími er útrunninn.

Aðrir eftirlitsstjórnarmenn starfa fyrst um sinn. Sveitar- eða bæjarstjórnin getur kosið annan mann í stað þess manns, er fer með umboð bæjar- eða sveitarfélagsins. Kröfuhafar geta kosið annan mann í stað þess manns, er fer með umboð þeirra, ef kröfuhafar, sem hafa umboð fyrir að minnsta kosti fjórða part af skuldum bæjar- eða sveitarfélagsins (talið eftir reglunum í 19. gr.), heimta nýja kosningu. Fari svo, kallar formaður eftirlitsstjórnar saman fund, eins og getur í 19. gr., og kosningin fer fram eftir sömu reglum. Verði kosning ekki gild, getur ráðuneytið tilnefnt nýjan umboðsmann fyrir kröfuhafa.

21. gr.

Konungur kveður nánar á um verkaskiptinguna milli eftirlitsstjórnarmanna.

22. gr.

Þegar búið er að setja bæjar- eða sveitarfélag undir eftirlit, færist valdið til að skuldbinda bæjar- eða sveitarfélagið með undirskrift sinni yfir í hendur formanns eftirlitsstjórnar. Vald til að ávísar fé til útgjalda hefir formaður einn, og sá maður, er eftirlitsstjórnin, með samþykki ráðuneytisins, veitir rétt til þess fyrst um sinn að ávísar fé til útgjalda til ákveðinna þarfa bæjar eða sveitar.

Formaður tekur fyrir hönd bæjar- eða sveitarfélags við stefnubirtingum og tilkynningum, er að málaferlum lúta.

23. gr.

Sveitar- eða bæjarstjórn skal semja fjárhagsáætlun bæjar- eða sveitarfélagsins hæfilega löngu fyrir byrjun reikningsársins. Ráðuneytið gengur endanlega frá fjárhagsáætluninni og kveður á um skattaálögurétt bæjar- eða sveitarstjórnarinnar. Það getur og ákveðið, að jafnframt skuli ráðuneytið kveða á um aðrar ráðstafanir.

Sé búið að samþykkja ráðstöfun, eða ef ráðuneytið er búið að fallast á hana, gilda ekki um hana ákvæði annara laga um samþykkt í bæjar- eða sveitarstjórn með auknum meiri hluta, um upptöku máls að nýju eða um staðfestingu konungs eða annara yfirvalda.

Samþykktir sveitar- eða bæjarstjórna, er lúta að skattaálagningarrétti utan fjárlagaumræðu, eða að ákvörðun endurgjalds fyrir framlög til bæjar- eða sveitarþarfa, eru ógildar, nema komi til samþykki eftirlitsstjórnar. Sama gildir aðrar samþykktir, sem sveitar- eða bæjarstjórnir, bæjarráð eða nefndir eða stjórnir, sem skipaðar eru af bæjar- eða sveitarfélagi, hafi þær fjárhagslega þýðingu fyrir bæjar-

eða sveitarfélagið. Þegar um slík mál er að ræða, getur eftirlitsstjórnin einnig gert ályktanir, sem breyta samþykkt, eða þó engin samþykkt liggi fyrir.

Þegar búið er að staðfesta samþykkt, eða þegar eftirlitsstjórnin hefir tekið ákvarðanir, gilda ekki ákvarðanir annara laga um samþykkt með auknum meiri hluta eða um upptöku máls að nýju. Aftur á móti þarf staðfestingu konungs eða annara stjórnarvalda, þegar svo er ákveðið í öðrum lögum.

Lagaákvæðin um, að minni hluti geti lagt samþykkt sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir konung, á ekki við, þegar samþykktin hefir verið staðfest af eftirlitsstjórninni eða ráðuneytinu.

24. gr.

Eftirlitsstjórnin getur, þegar sveitar- eða bæjarstjórn hefir verið gefinn kostur á að láta uppi álit sitt, og að fengnu samþykki ráðuneytisins, ákveðið, að selja skuli fasteignir eða aðrar eignir, sem bæjar- eða sveitarfélagið ekki þarf með til eflingar þeim framkvæmdum, er bæjar- eða sveitarfélagið á að annast um eftirlitstímann, eða reka eignirnar svo, að arðinum sé varið til að greiða kröfuhöfum.

25. gr.

Sérhver starfsmaður eða umboðsmaður bæjar- eða sveitarfélags er skyldur að fara eftir þeim ákvörðunum og fyrirskipunum, sem eftirlitsstjórnin eða ráðuneyti það, sem í hlut á, gefur.

Eftirlitsstjórnin getur, með samþykki ráðuneytisins, skipað aðra menn til að vinna störf, sem liggja undir starfsmenn eða umboðsmenn bæjar- eða sveitarfélags, eða nefnd eða stjórn skipaða af því. Þetta nær þó ekki til oddvita bæjarráðs, sveitar- eða bæjarstjórnar, eða nefnda, sem vinna að því einu að undirbúa mál fyrir þessi yfirvöld, og ekki heldur til kennara.

Skipun starfsmanna bæjar- eða sveitarfélaga, að undanteknum kennurum, skal staðfest af eftirlitsstjórninni eða formanni hennar. Með samþykki ráðuneytisins getur eftirlitsstjórnin haft veitingarvald á einstökum stöðum.

26. gr.

Áður en eftirlitsstjórnin ráðstafar málum svo sem getur í 23.—25. gr., skulu þau að jafnaði hafa legið fyrir bæjar- eða sveitaryfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sveitar- eða bæjarstjórn, eða einn maður úr eftirlitsstjórninni, geta krafist þess, að ákvörðun, sem gerð hefir verið eða staðfest af eftirlitsstjórninni, skuli lögð fyrir ráðuneytið, sem breytt getur henni, ef réttur þriðja manns er því ekki til fyrirstöðu.

Eftirlitsstjórnin gefur ráðuneytinu skýrslu fyrir hvert reikningsár um starf sitt og hag bæjar- eða sveitarfélagsins.

27. gr.

Á fyrsta skattári, sem hefst eftir að bæjar- eða sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit, er ekki, nema sveitar- eða bæjarstjórn samþykki, heimilt að ákveða hærri tekjuskatt en 18%, samkvæmt frádráttartöflu, er gefur þá niðurstöðu, að samanlagðar skattskyldar tekjur, þar með ekki taldar tekjur þeirra skattgreiðenda, sem búa utan takmarka bæjar- eða sveitarfélagsins, nemi að minnsta kosti 65% af áætluðum tekjum allra, sem búa innan takmarka bæjar- eða sveitarfélagsins. Á öðru, þriðja og síðari árum má hundraðstala skattsins á sama hátt ekki reiknast hærri en 17, 16 og 15%.

Sé notuð frádráttartafla, er lækkar skattinn meira en að ofan greinir, má hækka hundraðstölu skattsins, þó svo, að ekki má jafna niður hærri skattupphæð en hermir í fyrirfarandi málsgrein.

28. gr.

Konungur getur veitt bæjar- eða sveitarfélagi, sem er undir eftirliti, undanþágu frá ákvæðum laga og stórþingsályktana, sem og frá öðrum fyrirmælum, að svo miklu leyti sem ákvæði þessi hafa útgjöld fyrir bæjar- eða sveitarfélagið í för með sér, þó svo framarlega, sem undanþágan lýtur ekki að skyldum, sem ósann- gjarnt væri að leysa bæjar- eða sveitarfélagið undan. Þetta nær þó ekki til skulda, sem þegar hvíla á bæjar- eða sveitarfélaginu. Ekki er heldur hægt með þessum hætti að ákveða, að greiðslur, sem bæjar- eða sveitarfélaginu ber að inna af hendi, skuli í staðinn greiddar ríkinu eða öðrum bæjar- eða sveitarfélögum.

29. gr.

Yfirvöld bæjar- eða sveitarfélags halda áfram að fara með mál bæjar- eða sveitarfélagsins meðan það er undir eftirliti, en þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi hafa í för með sér.

30. gr.

Þegar bæjar- eða sveitarfélag er undir eftirliti, skal fullnægja eftirtöldum kröf- um öðrum framar jafnóðum og þær falla í gjalddaga:

- 1) Kröfur skattgreiðenda um endurgreiðslu á ofborguðum skatti, og kröfur ann- ara bæjar- eða sveitarfélaga um greiðslu á upphæðum, er lagðar hafa verið fyrir af skattgreiðendum til tryggingar skattgreiðslu.
- 2) Laun, eftirlaun og aðrar þóknanir til handa starfsmönnum og verkamönnum bæjar- eða sveitarfélags, svo og framlög, er bæjar- og sveitarfélögum ber að greiða til launa annara starfsmanna, og loks kröfur þær, sem getur í 1. gr. laga um forgangsrétt sérstakra krafna frá 31. maí 1912. Nú getur bæjar- eða sveitar- félag ekki staðið í fullum skilum með greiðslur þær, sem getur í 1.—4. tölulið þessarar greinar, og er þá ráðuneytinu heimilt að ákveða, að kröfur um áfram- haldandi greiðslu á launum eða annari þóknun skuli ekki hafa forgangsrétt, ef skipað hefir verið í stöðuna áður en sveitar- eða bæjarfélagið var sett undir eftirlit.
- 3) Skattur til amtsins og löggreiðslur og endurgreiðslur til ríkisins og annara bæjar- eða sveitarfélaga fyrir reikningsár það, er eftirlitið var sett og síðari reikningsár, svo og endurgreiðslur til annara bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, einnig fyrir síðari helming fyrirfarandi reikningsárs.
- 4) Útgjöld, sem lögboðin eru, eða af sérstökum ástæðum er heimilað að haldist, á fallin eftir að eftirlit var sett.

Kröfur þær, sem getur í 1.—4. tölulið eru innbyrðis jafnrétt háar. Vextir og málskostnaður eru jafnréttá aðalkröfunni, nema vextir af kröfum, sem getur í 3. tölulið.

Kröfum, sem eru tryggðar með veði, skal fullnægja, ef eftirlitsstjórn kveður svo á, að svo miklu leyti sem veðið samkvæmt reglunum í 4. málsg. 12. gr. er talið hrökkva fyrir kröfunni. Ákvæðum 100. gr. gjaldþrotalaganna skal beita, eftir því sem við á.

Aðrar kröfur, sem fallnar eru í gjalddaga, skulu að ráðstöfun eftirlitsstjórnar- innar greiddar að tiltölu, eftir því sem bæjar- eða sveitarsjóður hrekkur til.

31. gr.

Ákvæðunum í 42.—44. gr., 46.—49. gr., 120. gr. 2. málsg., 121.—122. gr. og 127. gr. gjaldþrotalaganna skal beitt, eftir því sem við á, þegar bæjar- eða sveitarfélag er sett undir eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Frestir þeir, sem settir eru í 42.—44. gr. gjaldþrotalaganna, skulu hefjast með þeim degi, er:

- a) áskorun um greiðslu var birt, sbr. 17. gr. b.
- b) afráðið var að leitast fyrir um miðlun eða nauðasamninga, svo framarlega sem

ákveðið er að setja eftirlit samkvæmt 16. gr. Þó er fresturinn talinn hefjast, þegar ákveðið var að setja eftirlit, ef það hefir verið ákveðið án þess að fyrst hafi verið reynd miðlun.

Frestur sá, sem getur í 49. gr. gjaldþrotalaganna, skal vera þrjú mánuðir, og talinn hefjast með þeim degi, er eftirlitið er ákveðið.

Ákvæðunum í 119. gr. gjaldþrotalaganna skal beitt, eftir því sem við á, að svo miklu leyti sem það er ekki útilokað með 3. gr. þessara laga. Í stað gjaldþrots-upphafs kemur sá tími, sem ákveðinn er í 2. stafl. þessarar greinar.

Fyrningarfrestum þeim, sem settir eru í fyrningarlögum frá 21. júní 1896, er lokið, þegar búið er skriflega að tilkynna kröfuna til eftirlitsstjórnarinnar. Með tilkynningunni hefst nýr fyrningarfrestur jafnlangur hinum fyrri.

32. gr.

Þegar eftirlitsstjórnin hefir fengið yfirlit yfir hag bæjar- og sveitarfélagsins, sendir hún ráðuneyti því, er í hlut á, skýrslu um það, hvernig líklegt sé, að megi fullnægja skuldbindingum bæjar- eða sveitarfélagsins. Skýrslan skal lögð fyrir sveitar- eða bæjarstjórnina og send kröfuhöfum.

Komi sveitar- eða bæjarstjórn fram með tillögu til nauðasamninga, sem er í samræmi við reglurnar í 10. gr., skal eftirlitsstjórnin segja álit sitt á tillögunni og skýra frá því, hvort hún ráði til þess, að hún verði samþykkt. Ráðuneytið ákveður síðan, hvort nauðasamningatillagan skuli lögð fyrir kröfuhafa. Sé svo, skal ákvæðum 3. málsgreinar 11. gr. og 12.—14. gr. beitt, eftir því sem við á.

33. gr.

Konungur ákveður, nær eftirliti samkvæmt reglum þessa kapitula skuli af létt.

Hafi eftirlit verið ákveðið vegna þess, að kröfuhafi hafi beiðzt þess samkvæmt 17. gr., verður eftirlitinu ekki af létt, ef ekki kemur til samþykki kröfuhafa, nema krafa hans sé fallin niður vegna greiðslu, nauðasamninga eða af öðrum ástæðum.

IV. KAP.

Ýmisleg ákvæði.

34. gr.

Þóknun til eftirlitsstjórnarmanna í nefnd þeirri, er getur í 7. gr., svo og til matsmanna, sem getur í 12. gr., skal ákveðin af ráðuneyti því, er í hlut á. Hlutað-eigandi bæjar- eða sveitarfélag skal greiða hana, nema konungur ákveði, að hún að nokkru eða öllu leyti skuli greidd úr ríkissjóði. Sama gildir aðrar þóknanir, sem og kostnað, er leiðir af umleitunum um nauðasamninga eða eftirliti samkvæmt lögum þessum.

35. gr.

Ákvæðum laga þessara skal, eftir því sem við á, beitt, er hreppar eiga í hlut, Skulu þá hreppsnefndir gera ákvarðanir þær, er sveitar- og bæjarfélög annars skulu gera samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Ákvæðunum í 1.—3. gr. og 2. kap. þessara laga skal, eftir því sem við á, beitt við ömt, byggingarfélag, hafnarsjóði og félag og annarskonar samlög, sem aðeins bæjar- eða sveitarfélög eru þátttakendur í, og þar sem þátttakendur bera ábyrgð á skuldunum.

Konungur getur ákveðið, að öðrum ákvæðum laga þessara skuli einnig beitt við ömt, eftir því sem við á. Skal þá amtsráðið gera samþykktir þær, sem bæjar- og sveitarstjórnir annars skulu gera samkvæmt lögum þessum.

Konungur getur einnig ákveðið, að lögumum í heild sinni skuli, eftir því sem

við á, beita við aðrar af stofnunum þeim, sem getur í 1. málslíð. Konungur ákveður þá, hver gera skuli samþykktir þær, sem sveitar- eða bæjarfélög annars gera samkvæmt lögum þessum.

37. gr.

Bæjar- eða sveitarfélög þau, sem eru undir eftirliti samkvæmt lögum nr. 18 22. júní 1928, þegar þessi lög ganga í gildi, skulu talin vera undir eftirliti samkvæmt lögum þessum. Hin fyrri eftirlitsstjórn starfar þá áfram samkvæmt reglum 20. gr.; þó skal skipa nýjan formann, svo fljótt sem unnt er eftir að lög þessi ganga í gildi.

38. gr.

Þegar bæjar- eða sveitarfélag er undir eftirliti samkvæmt reglum þessara laga, skal tíundi partur af amtsskattinum fyrir hvert reikningsár, sem bæjar- eða sveitarfélagið skuldaði 1. júlí 1928, vera jafnréttthár og kröfur þær, sem getur í 3. tölulíð 30. gr.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933 og gilda til 1. júlí 1938. Að því, er bæjar- eða sveitarfélög snertir, sem eru undir eftirliti eða standa í nauðasamningaumleitunum samkvæmt lögum þessum, skulu lögin þó vera í gildi, unz ákveðið er að létta af eftirlitinu, eða þar til sá tími, er nauðasamningarnir ná til, er út runninn.

Fylgiskjal II.

III. kafli laga nr. 69 31. des. 1937, með innfærðum breytingum samkvæmt lögum nr. 30 12. júní 1939.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Ennfremur er atvinnumálaráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

17. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta framfærslumál hreppa og kaupstaða, tillög þeirra til tryggingarmála, svo og annara þeirra skýrslna og upplýsinga, er nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fái um þessi atriði og um fjárhag þeirra.

18. gr.

Nú er bæjar- eða sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart ríkissjóði eða ríkisstofnunum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og er þá rétt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum bæjar- og sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið safnar upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggja á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag þeirra. Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita bæjar- og sveitarfélögum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, um fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

20. gr.

Nú þarf sveitarfélag á sérstakri hjálp að halda fram yfir það, er í II. kafla getur, og getur ráðherra þá ákveðið, að sveitarfélagið skuli háð sérstakri umsjón eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og sett, að fengnum tillögum hans, sérstakar reglur um meðferð málefna þess, er gildi tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 1 ár í senn, og má þar ákveða, að ekkert megi greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki eftirlitsmanns eða umboðsmanns hans á staðnum. Getur þá atvinnu- málaráðherra einnig vikið bæjarstjóra eða oddvita frá starfi og sett annan í hans stað til þess að fara með málefni bæjarins eða hreppsins, þó eigi lengur en 1 ár í senn.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra skal leita álits og tillagna eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna um skiptingu og úthlutun á því fé, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.